

Sp.

493. Tillaga

til þingsályktunar um steinolíuverslunina.

Flutningsmenn: Sigurjón Jónsson, Jón A. Jónsson, Magnús Jónsson, Björn Líndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa innflutning á steinolíu frjálstan frá næstu áramótum, en láta ríkisverslun með steinolíu halda áfram fyrst um sinn að því leyti sem þörf gerist til þess að tryggja nægan innflutning og sanngjarnt verð á oliunni.

Greinargerð.

Að áliti okkar flutningsmanna hefir einkasala ríkisins á steinolíu undanfarin ár ekki náð þeim tilgangi, er henni var ætlað, að útvega landsmönnum ódýrari olíu en þeir ella hefðu fengið; hinsvegar er þessi ríkisrekstur mjög áhættusamur, ef illa árar fyrir bátaútveg. Leggjum vjer flutningsmenn því til, að einkasala ríkisins hætti frá næstu áramótum. Hinsvegar viljum vjer ganga það móts við þá, er góða trú hafa á þessum ríkisrekstri, að ákveðið skuli, að ríkisverslun með steinolíu haldi áfram, eftir því sem þarf, til þess að tryggja nægan innflutning og sanngjarnt verð á steinolíu.